



Alþingi  
Erindi nr. P 139/2669  
komudagur 23.5.2011

## LANDSSAMBAND LÖGREGLUMANNA

Reykjavík, 23. maí 2011.

Allsherjarnefnd Alþingis  
Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

**Efni:** Umsögn Landssambands lögreglumanna (LL) um frumvarp til laga um breytingu á lögum um embætti sérstaks saksóknara, nr. 135/2008, með síðari breytingum.

Vísað er til tölvuskeytis frá nefndasviði Alþingis þann 11. maí s.l. þar sem óskað er umsagnar Landssambands Lögreglumanna (LL) um ofangreint frumvarp.

LL hefur allt frá upphafi stofnunar embættis sérstaks saksóknara gert athugasemdir við dómsmálaráðuneytið (nú innanríkisráðuneytið) varðandi stöðu þeirra lögreglumanna sem þar vinna en hún er að mati LL algerlega óviðunandi. Á þessa staðreynd er vissulega bent, í greinagerð frumvarpsins, en sú leið sem ætlunin er að fara með lögfestingu ákvæða þess er að mati LL óviðunandi með öllu.

Um mikilvægi starfsemi embættis sérstaks saksóknara og hlutverk þess í endurreisn Íslands þarf vart að deila. Störf á þessu sviði eru sérhæfð og hæft fólk með reynslu þarf til að sinna þessum störfum. Sú sérþekking hefur fyrst og fremst byggst upp undanfarin ár innan efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra enda er það svo að margir þeirra lögreglumanna sem þegar starfa hjá embætti sérstaks saksóknara koma þaðan. Í því ljósi er óskiljanlegt hvernig búið hefur verið að starfsöryggi lögreglumanna m.t.t. skipunarþáttarins en það virðist algerlega hafa verið litið framhjá því frá stofnun embættisins að lögreglumenn eru embættismenn og um ráðningar þeirra ber að fara samkvæmt því. Þá eru ótalin ýmis réttindamál sem áunnist hafa í árunna rás vegna sérstöðu starfa lögreglumanna en verulegur vafi hefur leikið á hvort lögreglumenn sem starfað hafa hjá embættinu njóti þessara réttinda.

Áfram virðist eiga að halda á þessari braut með færslu verkefna efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra til embættis sérstaks saksóknara. Ekki er skýrt tekið fram hvort verið sé að leggja deildina niður en í **bráðabirgðaákvæðinu** er tekið fram að starfsmönnum skuli boðið starf hjá embætti sérstaks saksóknara en þeim sem ekki þiggja það skuli boðið annað starf innan lögreglunnar. Kjósi þeir fremur þann kost þá skulu þeir njóta sömu

kjara og þeir njóta hjá ríkislögreglustjóra. Þetta verður ekki skilið öðruvísi en að fari lögreglumennirnir til starfa hjá öðru embætti þá verði þeir væntanlega fluttir skv. 36. gr. starfsmannalaga nr. 70/1996 og haldi þar með öllum réttindum sínum þ.á m. skipun sinni. Kjósi þeir hins vegar að fara til starfa hjá embætti sérstaks saksóknara falla þeir væntanlega undir ákvæði 2. gr. frumvarpsins með takmarkaðri réttindi þ.e.a.s. tímabundna skipun og án biðlaunaréttar.

Ætlar löggjafinn virkilega að láta þetta hæfa fólk standa frammi fyrir vali á starfsvettvangi með þessum hætti?

Rétt er að minna á að í lögum nr. 135/2008 um embætti sérstaks saksóknara sbr. 7. gr. laganna, er þegar ákvæði um að verkefnið færist til lögreglu í lok starfstíma embættisins. Vart er hugsunin sú að að færa eigi verkefnið þá til lögreglu en ekki lögreglumennina sem störfin vinna? Í frumvarpinu nú eru þessi tímamörk færð til 1. janúar 2013 en samtímis boðað í bráðabirgðaákvæðinu að unnið verði að framtíðarskipan rannsókna og saksóknar í efnahagsbrotamálum.

Jafnljóst er nú og það var við samningu frumvarps að lögum nr. 135/2008 að í lok starfstíma embættis sérstaks saksóknara verður verkefnið fyrirkomið einhvers staðar, enda ákvæðinu ekki breytt um þennan þátt, og þá hlýtur að vera þörf fyrir þá lögreglumenn, a.m.k. meginþorra þeirra, sem þá verða starfandi. Það hlýtur að vera markmið að halda í þá sérþekkingu sem til verður í málaflokknum og því sér LL ekki þörfina fyrir að hafa sérákvæði um takmarkaðan biðlaunarétt og um lengd skipunartíma við þau tímamörk í framtíðinni er starfsemi embættisins verður fundinn nýr farvegur.

Þá er einnig rétt að benda á að í lögum nr. 135/2008 er ákvæði, sbr. 6. gr., þar sem tekið er fram að um starfsemi embættisins gilda að öðru leyti ákvæði lögreglulaga þar sem lögin kveða ekki á um annað. Í því ljósi er algerlega óskiljanlegur sá vandræðagangur sem verið hefur á starfstíma embættisins varðandi skipunarmál lögreglumanna. Það gilda einfaldlega ákvæði lögreglulaganna nr. 90/1996 og þar er algerlega skýrt hvernig skipunarvaldinu er hagað sbr. 28. gr. laganna. Það er ráðherra sem skipar yfirlögregluþjóna og aðstoðaryfirlögregluþjóna til fimm ára í senn en ríkislögreglustjóri skipar aðra lögreglumenn til fimm ára í senn. Það eru engin rök fyrir að búa til þriðja skipunarvaldið innan lögreglu líkt og að er stefnt nú. Reyndar er að svo að það fyrirkomulag sem ætlunin er að taka upp á skipunum sbr. 2. gr. frumvarpsins er alls ekki skýrt. Hvort er það ráðherra, ríkislögreglustjóri eða sérstakur saksóknari sem á að skipa lögreglumennina?

Það er von LL og krafa að allsherjarnefnd endurskoði ákvæði frumvarpsins með hliðsjón af framangreindu og geri hæfasta fólki okkar á þessu sviði lögreglurannsókna kleift að taka starfi hjá embætti sérstaks saksóknara á sambærilegum kjörum og almennt gildir um skipaða lögreglumenn í dag.




---

LL óskar eftir að fá að koma fyrir allsherjarnefnd til að gera frekari grein fyrir sjónarmiðum landssambandsins og svara öllum þeim spurningum sem nefndarmenn vilja bera upp.

Þá áskilur LL sér allan rétt til að koma frekari athugasemdum og ábendingum að á síðari stigum málsins.

Virðingarfyllst,



Snorri Magnússon, formaður LL